



VOTLENDIS
SJÓÐUR

Votlendissjóður
Árleyni 22
112 Reykjavík
votlendi@votlendi.is

Borgarráð

BT: Líf Magneudóttur, formanns Umhverfis- og heilbrigðisráðs

Reykjavík, 25. október 2021

Votlendissjóður óskar eftir samstarfi við Reykjavíkurborg um endurheimt votlendis í landi borgarinnar.

Loftlagssáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025 stefnir að kolefnishlutlausri borg, sett fram með 15 aðgerðaáætlunum m.a. er gert ráð fyrir endurheimt 60% af votlendi í landi Reykjavíkurborgar, en þær munu leiða af sér kolefnisbindingu.

Votlendissjóður býður fram sína þjónustu til að Reykjavíkurborg geti náð sínum markmiðum í endurheimt votlendis í landi borgarinnar. Kostnaður við endurheimt votlendis er alfarið hjá Votlendissjóði. Enginn kostnaður fellur á borgina.

Votlendissjóður og samstarfsaðilar (Landgræðsla ríkisins) mæla og meta losun jarðarinnar fyrir endurheimt og í kjölfar endurheimtar til staðfestingar á stöðvun koldíoxíð. Tilkynnir og vinnur skrásetningu framkvæmdarinnar til Landgræðslunnar sem sér um utan um hald endurheimtar á Íslandi fyrir umhverfisráðuneytið. Reykjavíkurborg fær allar upplýsingar um árangur endurheimt á votlendi. Votlendissjóðurinn annast vöktun á skilgreindu svæði í þrjú ár til að tryggja að framkvæmdirnar skili árangri. Sjóðurinn tekur út framkvæmdir í lok framkvæmda-tímabils sem staðfesta að votlendið hafi verið endurheimt í samræmi við verklýsingu.

Votlendissjóður á stöðvun gróðurhúsalofttegunda sem framkallast við framkvæmdina í átta ár frá verklokum endurheimtarinnar og nýtir og ráðstafar í sínu kolefnisbókhaldi. Þannig fjármagnar Votlendissjóður sínar framkvæmdir, vöktun og vottun. Að átta árum liðnum, flyst eign kolefnisstöðvunarinnar að fullu yfir til Reykjavíkurborgar. Borgin er þá frjálst, eftir því sem lög og reglur heimila hverju sinni að nýta sér stöðvunina til kolefnisjöfnunar á eigin starfsemi.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að raska ekki svæði því sem endurheimt hefur verið að lágmarki í 10 ár frá gildistöku hans. Með raski er átt við framkvæmdir sem lækka vatnsstöðu svæðisins sem nokkru nemur. Landeigandi getur heimilað beit og almenna umferð á landinu eftir að votlendi hefur verið endurheimt. Breytist aðstæður hjá landeigenda og hann telji nauðsynlegt að ræsa fram hið samningsbundna land að hluta til eða öllu leyti, innan samningstíma, skuldbindur hann sig til, í samstarfi við Votlendissjóðinn, annað hvort að endurheimta sambærilegt flatarmál framræsts votlendis og það samningsbundna land sem raskað er, á sinn kostnað eða greiða Votlendissjóðnum fyrir að endurheimta sambærilegt flatarmál.

F.h. Votlendissjóðs



Einar Þór Bárðarson

Framkvæmdarstjóri

+ 354 618 9000

einarb@votlendi.is